

AUGLÝSING

um staðfestingu á samkomulagi milli sveitarstjórna Hveragerðisbæjar og Sveitarfélagsins Ölfuss um breytingu á mörkum sveitarfélaganna.

Á grundvelli 2. mgr. 3. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, sbr. 5. mgr. ákvæðis til bráðabirgða við þau lög, hefur félagsmálaráðuneytið hinn 3. maí 2004 staðfest samkomulag, dags. 29. mars 2004, um breytingu á mörkum sveitarfélaganna.

Samkvæmt samkomulaginu verður land í eigu Hveragerðisbæjar í óskiptu landi Reykja-
torfu, sem nú er innan Sveitarfélagsins Ölfuss, framvegis innan stjórnsýslumarka Hvera-
gerðisbæjar. Um er að ræða 77,4 ha landspildu og er hnitasetning landsins með eftirfarandi
hætti, samkvæmt hnitakerfi ISN93, eins og nánar er sýnt á uppdrætti:

Nafn	A-hnit	N-hnit
L01	393728.7	389144.5
L02	393814.0	389331.7
L03	394015.2	389434.5
L04	394013.8	389443.6
L05	394257.2	389450.2
L06	394537.6	389584.3
L07	394859.8	389343.5
L08	394822.1	389077.1
L09	394621.1	388149.7
L10	394410.6	388557.8
L11	394151.0	388844.2

Milli L01 og L02 ræður miðlína Varmár. Lína frá L09, L10, L11 að L01 er 20 metra frá
miðlínu Suðurlandsvegur.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 3. maí 2004.

F. h. r.
Hermann Sæmundsson.

Guðjón Bragason.